

***BORGARRÁÐ 24. júní 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar og heildarkostnað - R21050301***

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) hefur óskað eftir að borgarráð heimili ÞON að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki hefði verið skynsamlegra á sínum tíma, að í stað þess að ÞON hafi byrjað á því að hanna sitt eigið kerfi með öllum þeim áframhaldandi þróunar og sérsmíðis -kostnaði, að kanna frekar til hlítar hvort tilbúið hönnunarkerfi hafi ekki verið til sem hægt hefði verið að kaupa fullbúið? Einnig langar borgarfulltrúa Flokks fólksins að vita hvort til sé raunhæf kostnaðaráætlun fyrir þetta verkefni sem miðast við hugsanlegan heildarkostnað þegar og ef þetta heimasníðað kerfi verði fullklárað?